



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um niðurfellingu gjaldtöku í bílastæðahúsum fyrir handhafa stæðiskort hreyfihamlaðra

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð beini því til bílastæðasjóðs að fella niður gjöld á handhafa stæðiskorta hreyfihamlaðra í bílastæðahúsum. Samkvæmt 87. grein umferðarlaga er handhafa stæðiskorts skv. 1. mgr. heimilt að leggja ökutæki í gjaldskylt bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu. Markmiðið með þessari tillögu er að koma í veg fyrir að borgin sé að brjóta lög gagnvart hreyfihömluðum. Í núverandi gjaldskrá Bílastæðasjóðs segir að í bílastæðahúsum veiti stæðiskortin forgang til að leggja í sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða en greiða þurfi þó fyrir stæðið eins og önnur stæði í húsinu. Þarna er ekki farið eftir 87. grein umferðarlaga. Með samþykkt tillögunnar væri tryggt að réttindi hreyfihamlaðra séu virt. Tillögunni fylgir greinargerð.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, 7. september 2022.

Umsögn:

Frá og með 20 mars sl. var ákveðið að falla frá gjaldtöku af handhöfum stæðiskorta í bílastæðahúsum Reykjavíkurborgar. Var þessi ákvörðun tekin eftir samráð við innviðaráðuneytið varðandi túlkun umferðarlaga. Núverandi aðgangsbúnaður í bílastæðahúsum Reykjavíkurborgar býður ekki upp á að handhafar stæðiskorta geti með sjálfvirkum hætti notað bifreiðastæði húsanna án greiðslu en unnið er að útfærslu sem gerir það kleift.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint umsögnin berst.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri